

Gæðahandbók stjórnsýslusviðs

Nóvember 2015

Efnisyfirlit

1	Grundvöllur gæðahandbókarinnar	3
2.1	Lög, staðlar og reglur	3
2.2	Hugtakið stjórnsýsluendurskoðun	3
2	Gæðastjórnun og ábyrgð á gæðamálum	4
2.1	Lög, staðlar og reglur	4
2.2	Ábyrgð á gæðamálum	4
3	Siðferði og óhæði.....	5
3.1	Lög og reglur um siðferð og óhæði	5
3.2	Yfirlýsing um óhæði og óhlutdrægni	5
4	Ný verkefni.....	6
4.1	Reglur um ný verkefni	6
4.2	Skýrslubeiðnir frá forsætisnefnd Alþingis	6
4.3	Samþykkt nýrra verkefna	6
4.4	Tilkynning um úttekt	6
5	Mannauðsmál	7
5.1	Mannauður	7
5.2	Nýráðningar starfsmanna	7
5.3	Trúnaðar- og óhæðisyfirlýsingar	7
5.4	Starfsmannasamtöl	7
6	Endurskoðunarvinna	8
6.1	Leiðbeiningar við stjórnsýsluendurskoðun	8
6.2	Ábyrgð á verkum	8
6.3	Gæðaeftirlit.....	8
6.4	Beiðni um umsögn og viðbrögð	8
6.5	Ferli stjórnsýsluúttekta	9
6.5.1	Forkönnun	9
6.5.2	Aðalúttekt.....	10
6.5.3	Eftirfylgni	12
7	Vöktun með starfi	13
7.1	Reglur um vöktun.....	13
8	Skjalamál.....	14
8.1	Reglur um skjalamál	14

1 Grundvöllur gæðahandbókarinnar

Uppbygging Gæðahandbókar stjórnslusviðs Ríkisendurskoðunar tekur mið af gæðastaðli Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hún byggir á almennum reglum og stöðlum sem gilda um störf stofnunarinnar. Jafnframt er hún löguð að meginverkefni sviðsins, stjórnsluúttektum, og þeim reglum og viðmiðum sem sviðið hefur sett sér.

2.1 Lög, staðlar og reglur

Gæðahandbók stjórnslusviðs Ríkisendurskoðunar skal jafnan höfð til hliðsjónar við stjórnsluendurskoðun sviðsins. Handbókin byggir einkum á eftirfarandi lögum, stöðlum og reglum:

- ✓ [Lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun](#)
- ✓ ISSAI 40 [Quality Control for SAIs](#) (Gæðastaðall INTOSAI, Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana), sbr. „[Gæðaeftirlit fyrir ríkisendurskoðanir](#)“
- ✓ [Gæðastefnu Ríkisendurskoðunar](#)
- ✓ Stefnum korti og markmiðslýsingum stjórnslusviðs Ríkisendurskoðunar
- ✓ Öðrum reglum eða viðmiðum sem Ríkisendurskoðun og/eða stjórnsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar setja starfsmönnum sínum og eiga að stuðla að því að þeir uppfylli í starfi sínu þær fagleg kröfur sem gerðar eru til starfsmanna ríkisendurskoðana

2.2 Hugtakið stjórnsluendurskoðun

Í 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun eru eftirfarandi ákvæði um stjórnsluendurskoðun stofnunarinnar:

„Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem um ræðir í 6. gr. Enn fremur getur Ríkisendurskoðun gert stjórnsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þó að öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá getur Ríkisendurskoðun framkvæmt stjórnsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en sveitarfélög eða einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningum við ríkið. Stjórnsluendurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þá getur hún kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum í könnunum samkvæmt þessari grein, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á þau atriði sem hún telur að athuga þurfi með tilliti til úrbóta.“

2 Gæðastjórnun og ábyrgð á gæðamálum

Fyrsta grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða, viðhalda og framfylgja gæðakerfi sem tryggir að starfsmenn vinni í samræmi við þær fagkröfur sem settar hafa verið í lögum og stöðlum. Jafnframt skal tryggja nauðsynlega forystu og ábyrgð á þessum málum.*

2.1 Lög, staðlar og reglur

Stjórnsýslusvið Ríkisendurskoðunar starfar í samræmi við eftirfarandi lög, staðla og reglur:

- ✓ [Lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun](#)
- ✓ ISSAI 40 [Quality Control for SAIs](#) (Gæðastaðall INTOSAI, Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana), sbr. „[Gæðaeftirlit fyrir ríkisendurskoðanir](#)“
- ✓ Stefnukort og markmiðslýsingar stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar
- ✓ [Starfsáætlun stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar](#)
- ✓ ISSAI 3000 [Standards and guidelines for performance auditing based on INTOSAI's Auditing Standards and practical experience](#)
- ✓ [Siðareglur Ríkisendurskoðunar](#)
- ✓ Þær reglur sem Ríkisendurskoðun og/eða stjórnsýslusvið Ríkisendurskoðunar hefur sérstaklega sett um gæðamál og þá verkferla sem styðja þessa staðla og reglur

2.2 Ábyrgð á gæðamálum

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ber í umboði ríkisendurskoðanda ábyrgð á því að starfsemi sviðsins sé í samræmi við áðurnefnda staðla og reglur. Sviðsstjóri ber einnig ábyrgð á að *Reglum og stefnu Ríkisendurskoðunar í skjalamálum* sé fylgt.

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs framfylgir gæðastefnu þess í samráði við deildarstjóra sviðsins sem jafnframt skulu tryggja að þau verkefni sem þeir bera ábyrgð á uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í áðurnefndum stöðlum og reglum.

Stjórnendur sviðsins skulu í öllum störfum sínum upplýsa starfsmenn um gæðareglur sviðsins og minna þá á ábyrgð þeirra í starfi og þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

3 Siðferði og óhæði

Önnur grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða reglur og ferla sem tryggja að stofnunin og einstakir starfsmenn hennar starfi í samræmi við viðeigandi kröfur um siðferði og óhæði.*

3.1 Lög og reglur um siðferð og óhæði

Um siðferði og óhæði starfsmanna stjórnarsýslusviðs gilda einkum eftirfarandi lög og reglur:

- ✓ [Lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun](#)
- ✓ [Siðareglur Ríkisendurskoðunar](#)
- ✓ [Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins](#)
- ✓ [Almennar siðareglur starfsmanna ríkisins frá 22. apríl 2013](#)

3.2 Yfirlýsing um óhæði og óhlutdrægni

Við upphaf hvers verkefnis skulu þeir starfsmenn sem sinna verkefninu (úrvinnsluaðili og bakhjarl) undirrita yfirlýsingu um óhæði og óhlutdrægni, sbr. þar til gert eyðublað:

- ✓ „Yfirlýsing um óhæði og óhlutdrægni starfsmanna vegna stjórnarsýsluverkefnisins [Heiti verkefnis]“

4 Ný verkefni

Þriðja grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða reglur og ferla um ný eða áframhaldandi verkefni.*

4.1 Reglur um ný verkefni

Stjórnsýslusvið Ríkisendurskoðunar tekur eingöngu að sér verkefni sem falla að lögum um Ríkisendurskoðun og siðareglum hennar, m.a. ákvæðum um óhæði og sjálfstæði. Við val á verkefnum, forgangsröðun þeirra og afmörkun er einnig horft til [starfsáætlunar stjórnsýslusviðs](#), þess mannaðs og tíma sem sviðið hefur til ráðstöfunar og þess kostnaðar sem verkefninu fylgir.

4.2 Skýrslubeiðnir frá forsætisnefnd Alþingis

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur forsætisnefnd Alþingis ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar. Um slíkar skýrslubeiðnir gilda [Reglur um meðferð og afgreiðslu skýrslubeiðna frá forsætisnefnd](#).

4.3 Samþykkt nýrra verkefna

Ríkisendurskoðandi og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs veita formlegt samþykki sitt fyrir úttektum. Þeir undirrita í fyrsta lagi forkönnunarbréf þar sem ráðuneytum og stofnunum er tilkynnt um forkönnun nýrra verkefna og í öðru lagi bréf um aðalúttekt eftir að hafa kynnt sér minnisblað um niðurstöðu forkönnunar og endurskoðunaráætlun og sett stafina sína undir þau skjöl.

4.4 Tilkynning um úttekt

Ríkisendurskoðandi og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs senda þeim ráðuneytum og stofnunum sem í hlut eiga tilkynningu um forkönnun þegar ákveðið hefur verið að hefja slíka úttekt og óska eftir tengiliðum vegna verkefnisins. Einnig senda þessir aðilar þeim ráðuneytum og stofnunum sem í hlut eiga tilkynningu um aðalúttekt (eða að fallið hafi verið frá úttekt) þegar niðurstaða um slíkt liggur ljós fyrir ásamt minnisblaði um niðurstöðu forkönnunar.

Nota skal viðeigandi bréfaform vegna samskipta við ráðuneyti og stofnanir.

5 Mannauðsmál

Fjórða grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða reglur og ferla sem tryggja að stofnunin (sviðið) hafi yfir að ráða hæfum mannskap sem hefur getu til að sinna þeim verkefnum sem sviðinu er falið að sinna og stendur undir siðferðilegum kröfum stofnunarinnar.*

5.1 Mannauður

Leitast skal við að tryggja með nýráðningu starfsfólks, starfsþjálfun og starfsþróun að stjórnslusvið búi yfir faglegri hæfni og getu til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin í samræmi við viðeigandi reglur, staðla og kröfur.

5.2 Nýráðningar starfsmanna

Allar stöður á stjórnslusviði Ríkisendurskoðunar skulu auglýstar lausar til umsóknar. Sérstök valnefnd skal fara yfir umsóknir og velja hæfustu umsækjendurna í viðtöl. Að viðtölum loknum verður lagt skriflegt verkefni fyrir tvo til þrjá hæfustu umsækjendur. Á öllum stigum er umsækjendum gerð grein fyrir faglegum og siðferðilegum kröfum stofnunarinnar (sviðsins). Kynna skal fyrir nýjum starfsmönnum þær meginreglur sem gilda um starfið og veita þeim viðeigandi þjálfun í úttektarvinnu.

5.3 Trúnaðar- og óhæðisyfirlýsingar

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar fylgir þeim reglum sem ríkisendurskoðandi samþykkir um trúnaðar- og óhæðisyfirlýsingar starfsmanna, sbr. „Staðfesting á fylgni við Siðareglur Ríkisendurskoðunar og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“.

Í árlegum starfsmannasamtölum og á sviðsfundum mun sviðsstjóri stjórnslusviðs jafnframt minna starfsmenn þess á ákvæði Siðareglna Ríkisendurskoðunar um heilindi, heiðarleika, óhæði, trúnað og þagmælsku og sambærilegar skyldur þeirra í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og í Almennum siðareglum starfsmanna ríkisins frá 22. apríl 2013.

5.4 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Í tengslum við þau eru áætlanir næstliðins árs yfirfarnar og faglegur árangur starfsmanna metinn (sbr. stofnanasamning). Jafnframt eru unnar áætlanir um starfsþróun komandi árs.

6 Endurskoðunarvinna

Fimmta grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða stefnu og ferla sem tryggja að endurskoðunarverk séu unnin í samræmi við faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna og að skýrslur stofnunarinnar séu viðeigandi í því tilliti.*

6.1 Leiðbeiningar við stjórnsluendurskoðun

Við úttektarvinnu sína skal starfsfólk stjórnslusviðs fylgja lögum um Ríkisendurskoðun, samþykktu ferli stjórnsluúttekta, stöðlum INTOSAI um stjórnsluúttektir (einkum ISSAI 300 [Fundamental Principles of Performance Auditing](#) og ISSAI 3000 [Standards and guidelines for performance auditing based on INTOSAI's Auditing Standards and practical experience](#)) og þeim leiðbeiningum og reglum sem sviðið hefur sett um úttektarvinnu og skýrslugerð.

6.2 Ábyrgð á verkum

Stjórnendur stjórnslusviðs, þ.e. sviðsstjóri og deildarstjórar, bera ábyrgð á að ferli og leiðbeiningum um stjórnsluúttektir sé fylgt. Einstakir sérfræðingar bera engu að síður skýra faglega ábyrgð á þeim verkefnum sem þeim eru falin og að þau séu unnin í samræmi við gæðakröfur sviðsins og innan þeirra tímamarka sem sett eru.

6.3 Gæðaeftirlit

Drög að skýrslum skulu ævinlega gæðarýnd áður en þau eru send til umsagnar þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Alla jafna skulu tveir óháðir aðilar úr hópi starfsmanna Ríkisendurskoðunar rýna drögin og gera grein fyrir niðurstöðum sínum á sérstökum rýnifundi. Við gæðaeftirlit sitt ber þeim að fylgja ISSAI 40 [Quality Control for SAIs](#), sbr. „[Gæðaeftirlit fyrir ríkisendurskoðanir](#)“, og [Reglum um faglegt gæðaráð útgáfumála](#). Að lokinni gæðarýni skulu ríkisendurskoðandi og sviðsstjóri lesa skýrsludrög og samþykkja þau.

6.4 Beiðni um umsögn og viðbrögð

Skýrsludrög sviðsins skulu ævinlega send þeim aðilum (ráðuneytum, stofnunum) til umsagnar sem eiga hlut að máli eða tengjast úttektum með beinum hætti. Þar skal óskað eftir efnislegum athugasemdum við drögin og ef því er að skipta viðbrögðum við ábendingum.

Nota skal viðeigandi bréfaform vegna samskipta við ráðuneyti og stofnanir.

6.5 Ferli stjórnsýsluúttekta

Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar skiptast alla jafna í þrjá meginhluta: Forkönnun, aðalúttekt og eftirfylgni (sjá nánar „[Ferli stjórnsýsluúttekta Ríkisendurskoðunar](#)“):



6.5.1 Forkönnun

Markmið forkönnunar

Forkönnun er fyrsti hluti stjórnsýsluúttekta. Hún er hugsuð sem stutt en þó fullnægjandi og viðeigandi (áhættu-) greining á því hvort hefja skuli aðalúttekt tiltekins máls sem gerð yrði grein fyrir í opinberri skýrslu. Meginmarkmiðið er að komast að vel rökstuddri niðurstöðu um hvort slík úttekt sé réttmæt, tímabær og framkvæmanleg, hvaða ávinningi hún geti skilað stjórnvöldum í formi vel ígrundaðra athugasemda eða ábendinga um úrbætur og hvernig best sé að skipuleggja hana. Ríkisendurskoðandi og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs þurfa að samþykkja þá niðurstöðu.

Forkönnun er opin rannsókn af tiltekinni gerð

Forkönnun hefst oftast sem „opin“ rannsókn, grundvölluð á ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun og meginviðhorfum stjórnsýsluúttekta (sbr. *ISSAI 3000, 3. hluti: „Field standards and guidance“*). Þar skal fyrst og fremst leitað svara við spurningum sem varða meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. hagkvæmni, skilvirkni og árangur, auk fylgni við lög og reglur í því sambandi. Í stöðlum INTOSAI falla slíkar spurningar í þrjá meginflokkar eftir því hvert viðhorfið er:

- Hafa stjórnvöld / stofnanir náð settum árangursmarkmiðum sínum sem birtast í ákvæðum laga, reglna eða stefnuskjala (*result-oriented approach*)?
- Má greina einhver vandamál í rekstri á vegum ríkisins eða sem ríkið fjármagnar / styrkir, t.d. frávik frá settum markmiðum eða viðmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og árangur eða fylgni við lög, og hverjar eru ástæður þeirra (*problem-oriented approach*)?
- Virkar kerfið (stjórnsýslan, stjórnun stofnana eða málaflokka) sem skyldi (*system-oriented approach*)?

Svör við slíkum spurningum, þ.e. rökstuddar vísbendingar um alvarlega annmarka sem nauðsynlegt er að bregðast við, eru helstu forsendur þess hvort ráðist er í aðalúttekt og hvernig hún er afmörkuð. Um leið skal meta líklegan ávinning úttektar með hliðsjón af kostnaði Ríkisendurskoðunar við hana og fyrirsjáanlegum aðgerðum eða breytingum á rekstri eða stjórnsýslu þess aðila sem er til skoðunar.

Leiði forkönnun ekki til aðalúttektar er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu í minnisblaði sem send er þeim aðilum sem eiga hlut að máli eða í stuttri opinberri skýrslu sem unnin er í samræmi við gæðastaðla Ríkisendurskoðunar.

Forkönnun felur í sér skipulagningu úttektar og gerð endurskoðunaráætlunar

Sé talið rétt að hefja aðalúttekt þarf að ákveða hvernig verði staðið að henni, m.a. hvernig eigi að afmarka hana, hverjar séu heppilegar úttektarspurningar, hvaða aðferðum skuli beita og ef mögulegt er hvaða endurskoðunarviðmið (*audit criteria*) nýtast best til að komast að rökstuddum niðurstöðum sem í senn svara úttektarspurningunum og treysta hugsanlegar ábendingar. Loks þarf að vinna verk- / endurskoðunaráætlun sem lýsir áætlaðri framvindu úttektarinnar, hve langan tíma hún muni taka og fyrirhuguðum útgáfutíma. Sú áætlun skal í senn tryggja gæði úttektarinnar og stuðla að því að hún sé unnin á hagkvæman, skilvirkan og árangursríkan hátt.

Forkönnun er undirstaða aðalúttektar

Forkönnun felst að miklu leyti í gagnaöflun, viðtölum við þá sem málið varðar, greiningum og mati á því efni sem fyrir liggur og unnt er að afla. Sem slík verður hún mikilvægur hluti aðalúttektar sé talin ástæða til að hefja slíka úttekt. Að forkönnun lokinni ættu að liggja fyrir góð sýn á viðfangsefnið, vel rökstudd skoðun um tiltekna annmarka sem bæta þarf úr og drög að efnisyfirliti og niðurstöðu- og ábendingarkafla sem yrði kjarni væntanlegrar aðalúttektar.

6.5.2 Aðalúttekt

Markmið aðalúttektar

Meginmarkmið aðalúttektar er a) að afla nægilegra gagna til að svara á fullnægjandi hátt þeim úttektarspurningum sem varpað var fram í forkönnun, b) leiða í ljós hugsanleg frávík frá fyrirliggjandi viðmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og árangur, c) draga af slíkri greiningu viðeigandi niðurstöður, ályktanir og ábendingar og d) gera grein fyrir úttektinni í heild í aðgengilegri og læsilegri skýrslu til Alþingis. Aðalúttektin skiptist annars vegar í gagnavinnslu, greiningu og úrvinnslu og hins vegar í skýrslugerð.

Gagnavinnsla, greining og úrvinnsla

Breytilegt er eftir úttektum, markmiðum og úttektarspurningum hvers konar gögn henta hverju sinni. Þar sem úttektirnar snúast að jafnaði um hagkvæmni, skilvirkni, árangur og fylgni við lög í því sambandi skipta upplýsingar sem tengjast fjárhag, rekstri og velgengni þó mestu máli. Slíkar upplýsingar geta ýmist legið í opinberum gögnum, t.d. ríkisreikningi og ársreikningum, eða minnisblöðum og innanhússkjöllum ráðuneyta og stofnana. Þá afla starfsmenn stjórnarsýslusviðs Ríkisendurskoðunar sér iðulega gagna á fundum með starfsmönnum ráðuneyta og stofnana, með annars konar samskiptum við þá og hjá fjárhagsendurskoðunarsviði stofnunarinnar. Fyrir kemur einnig að stjórnarsýslusvið geri viðhorfskannanir um tiltekin efni. Mikilvægt er að slík gögn séu traust og áreiðanleg, skipti máli fyrir viðkomandi úttekt og dugi til að svara úttektarspurningum. Við greiningu og úrvinnslu gagna eru lög og reglur oftast helstu viðmið, ásamt stefnu- eða markmiðslýsingum stjórnvalda eða stofnana.

Skýrslugerð

Við skýrslugerð stjórnarsýsluúttekta skal fylgja stöðlum INTOSAI, einkum ISSAI 3000, § 126–143. Í þeim staðli (§ 126) er lögð sérstök áhersla á að skýrslur séu a) heildstæðar, b) sannfærandi, c) tímanlegar, d) lesendavænar og e) í jafnvægi.

A. Heildstæðar skýrslur (§ 127)

Til að teljast heildstæðar þurfa skýrslur alla jafna að gefa yfirlit um eftirfarandi atriði:

- a) Viðfangsefni úttektar
- b) Markmið úttektar
- c) Úttektarspurningar
- d) Endurskoðunarviðmið og forsendur þeirra
- e) Aðferðir
- f) Tímaramma úttektar
- g) Uppruna heimilda
- h) Takmarkanir þeirra heimilda sem notaðar eru
- i) Niðurstöður
- j) Ályktanir

B. Sannfærandi skýrslur (§ 128)

Til að teljast sannfærandi þurfa skýrslur að vera röklega uppbyggðar og birta skýr tengsl milli markmiða úttektar, viðmiða, niðurstaðna, ályktana og ábendinga. Þær þurfa að setja niðurstöður fram á sannfærandi hátt, leiða fram þau rök sem skipta máli og vera nákvæmar, trúanlegar og áreiðanlegar.

C. Tímanlegar skýrslur (§ 129)

Til að teljast tímanlegar þarf að birta skýrslur það tímanlega að löggjafinn, stjórnvöld eða einstakar stofnanir geti nýtt sé þær upplýsingar sem birtar eru.

D. Lesendavænar skýrslur (§ 130)

Til að skýrslur teljist lesendavænar þurfa þær að vera skrifaðar á eins einföldu máli og efnið leyfir. Útskýra þarf tæknileg hugtök og skammstafanir og nota skal töflur, myndir, kort og gröf til að draga fram kjarna flókinnna upplýsinga. Málfar skal vera skýrt og ótvírætt og skýrslur hnitmiðaðar og ekki lengri en nauðsyn krefur.

E. Skýrslur í jafnvægi (§ 131)

Til að teljast í jafnvægi þurfa skýrslur að vera óhlutdrægar, málefnalegar og ýkjulausar að efni, framsetningu og orðalagi.

Endurskoðunarviðmið og forsendur þeirra (§ 132)

Mikilvægt er að greina frá endurskoðunarviðmiðum og forsendum þeirra í skýrslum til að gera niðurstöður þeirra, mat, ályktanir og ábendingar sem trúverðugastar. Slík viðmið geta verið af ýmsum toga, t.d. fjárheimildir, lög, reglur, markmið, stefnur, verkferlar, viðurkenndir starfshættir og árangursmælingar.

Niðurstöður (§ 134–5)

Niðurstöður úttektar skulu taka mið af markmiðum úttektarinnar og svara úttektarspurningum – eða skýra hvers vegna það hafi ekki reynst mögulegt.

Ábendingar (§ 136–8)

Ábendingar skulu vera uppbyggilegar, vel ígrundaðar og virðisaukandi og tengjast markmiðum úttektarinnar, niðurstöðum og ályktunum. Þær skulu draga fram þá annmarka eða veikleika sem úttektin leiddi í ljós og þeim skal jafnan beint til tiltekins / tiltekinnna aðila sem bera ábyrgð á að standa fyrir nauðsynlegum úrbótum eða breytingum.

Umsagnarferli (§ 139)

Gefa skal þeim sem á / eiga í hlut kost á að gera athugasemdir við niðurstöður, ályktanir og ábendingar úttektarinnar áður en skýrsla er birt.

Viðbrögð umsagnaraðila (§ 140–2)

Halda skal athugasemdum umsagnaraðila til haga meðal vinnuskjala. Einnig ber að birta þær í skýrslu eða tryggja að þær endurspeglit í henni.

Skýrslur skulu vera aðgengilegar sem flestum (§ 143)

Mikilvægt er að koma skýrslum um stjórnisýsluúttektir á framfæri við sem flesta. Helstu lesendahópar þeirra eru löggjafinn og stjórnisýslan en auk þeirra eru almennir borgarar og fjölmiðlar mikilvægir viðtakendur.

6.5.3 Eftirfylgni

Ríkisendurskoðun fylgir jafnan eftir þeim ábendingum sem *ekki hafa verið framkvæmdar* þremur árum eftir útgáfu skýrslu (aðalúttektar) og birtir niðurstöðurnar í sérstakri skýrslu til Alþingis. Markmiðið er að leiða í ljós hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum stofnunarinnar og ef svo ber undir leita skýringa á því hvers vegna það hafi ekki verið gert. Við eftirfylgniúttektir er fylgt sömu vinnubrögðum og við gerð aðalúttekta. Eftirfylgniúttektir geta leitt til þess að ábendingar séu ítrekaðar í óbreyttri eða breyttri mynd.

7 Vöktun með starfi

Sjötta grunnregla ISSAI 40: *Ríkisendurskoðun skal innleiða eftirlitsferla sem tryggja að stefnur og ferlar í gæðamálum séu viðeigandi, hæfilegir og skilvirkir.*

7.1 Reglur um vöktun

Stjórnsýslusvið Ríkisendurskoðunar fylgir þeim reglum sem ríkisendurskoðandi setur um vöktun með starfi stofnunarinnar, t.d. í formi jafningjaúttekta.

8 Skjalamál

8.1 Reglur um skjalamál

Um skjalamál stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar gilda *Reglur og stefna Ríkisendurskoðunar í skjalamálum*.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is